

## Vegagerð og votlendi

Hlynur Óskarsson, Rannsóknastofnun Landbúnaðarins

---

### Ágrip

Votlendi er áberandi þáttur í landslagi Íslands og hefur sem vistgerð verulegt gildi hvað varðar vatns- og efnabúskap viðkomandi landslags. Votlendi hefur aftur á móti átt undir högg að sækja undanfarna áratugi og stór hluti þess verið ræstur fram. Í dag leggja yfirvöld aukna áherslu á að vernda það votlendi sem eftir er og jafnframt að endurheimta raskað votlendi eftir því sem færi gefst. Við vegalagningu verður í mörgum tilvikum ekki hjá því komist að fara yfir votlendi að einhverju leiti. Við þær aðstæður er mikilvægt að greina hversu mikla röskun slíkar framkvæmdir hafa í för með sér fyrir viðkomandi votlendi. Á undanförunum þremur árum hefur Rannsóknastofnun landbúnaðarins, fyrir tilstilli Vegagerðarinnar, unnið að rannsóknum sem beinast að því að meta umfang og eðli röskunar votlendis samhliða vegagerð. Niðurstöður verkefnisins hafa leitt í ljós að áhrif vegalagningar um votlendi eru ákaflega breytileg; allt frá því að vera hverfandi lítil yfir í það að ná langt útfyrir viðkomandi framkvæmdasvæði. Þeir þættir sem mestu virðast skipta í þessu sambandi eru vatnsstaða, gerð votlendis og lega vegar.